

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 4. júní 2021.

Mál nr. 331/2020:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Presti Emilssyni

(Arnar Kormákur Friðriksson lögmaður)

(Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Lykilorð

Fjárdráttur. Umboðssvik. Peningaþvætti. Sakartæming. Brotasamsteypa. Lögskýring.

Útdráttur

Þ var sakfelldur í héraði fyrir fjárdrátt og umboðssvik í starfi sínu sem framkvæmdastjóri ADHD samtakanna. Í ákæru var Þ einnig gefið að sök peningaþvætti samkvæmt 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga en í hinum áfrýjaða dómi var talið að 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. tæmdu sök gagnvart þeim ákvæðum. Fyrir Landsrétti leitaðist Á eftir endurskoðun á þeirri niðurstöðu héraðsdóms. Í dómi Landsréttar var tekið fram að þegar brot gagnvart 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga félli saman við frumbrot og ekkert lægi fyrir um viðbótarathafnir af hálfu ákærða yrði að telja að frumbrotið tæmdu sök gagnvart broti gegn 264. gr. Þar sem svo væri raunin í þessu máli yrði að telja að 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. laganna tæmdu sök gagnvart 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. Var refsing Þ ákveðin fangelsi í 10 mánuði en fullnustu sjö mánaða refsingarinnar frestað skilorðsbundið í þrjú ár. Þ var jafnframt gert að greiða ADHD samtökunum 9.212.736 krónur ásamt tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 7. maí 2020. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 29. apríl 2020 í málinu nr. S-[...]/2020.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að ákærði verði sakfelldur í samræmi við ákæru og refsing hans þyngd.

- 3 Ákærði krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms „hvað varðar heimfærslu til refsíákvæða í ákæru og sýknu af III. kafla ákæru“ og að refsing hans verði milduð.
- 4 Einkaréttarkröfuhafi, ADHD samtökin, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms hvað kröfur hans varðar. Þá krefst hann þess að ákærða verði gert að greiða honum málskostnað fyrir Landsrétti.

Málsatvik

- 5 Mál þetta var höfðað 5. mars 2020 með ákæru í þremur liðum, líkt og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Í fyrsta ákærulið er ákærða gefinn að sök fjárdráttur, í starfi sínu sem framkvæmdastjóri ADHD samtakanna, með því að hafa dregið sér fjármuni samtakanna, samtals 7.115.767 krónur á nánar tilteknu tímabili „og ráðstafað ávinningnum í eigin þágu líkt og rakið er í III. kafla ákærunnar“. Er háttsemin talin varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í öðrum ákærulið eru ákærða gefin að sök umboðssvik með því að hafa misnotað aðstöðu sína til að skuldbinda ADHD samtökin á nánar tilteknu tímabili, með því að nota í alls 131 skipti kreditkort félagsins til kaupa á vörum og þjónustu í heimildarleysi til eigin nota, samtals að fjárhæð 2.096.969 krónur. Er háttsemin talin varða við 249. gr. almennra hegningarlaga. Í þriðja ákærulið er ákærða gefið að sök peningabætti „með því að hafa nýtt ávinning af brotum samkvæmt ákæruköflum I og II, samtals að fjárhæð kr. 9.212.736, í eigin þágu“. Er háttsemin talin varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.
- 6 Ákærði játaði sakargiftir en ágreiningur er uppi um hvort 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. almennra hegningarlaga tæmi sök gagnvart 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. sömu laga í málinu. Í hinum áfrýjaða dómi var komist að þeirri niðurstöðu að svo væri og leitar ákæruvaldið endurskoðunar á þeirri niðurstöðu með áfrýjun. Málið var rekið samhliða landsréttarmálum nr. 332/2020 og 333/2020, sem varða sams konar álitamál um tæmingu sakar, og eru dómur í öllum málunum kveðnir upp í dag.

Niðurstaða

- 7 Í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga kemur fram að hver sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings skuli sæta fangelsi allt að sex árum. Í 2. mgr. segir að sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot samkvæmt 1. mgr. skuli sæta sömu refsingu og þar greinir. Ákvæði 77. gr. gildi þá eftir því sem við á.
- 8 Framangreind ákvæði 264. gr. voru lögfest í núverandi mynd með lögum nr. 149/2009, sem tóku gildi 1. janúar 2010. Í skýringum við 1. mgr. greinarinnar í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 149/2009 segir meðal annars að við túlkun einstakra verknaðarþátta verði sem fyrr að horfa til þess að peningabætti sé í megindráttum hver sú starfsemi sem lúti að því „að fela uppruna

og eiganda fjár sem er ávinningur af brotastarfsemi“. Meginmarkmiðið með því að gera háttsemina refsiverða sé að höggva að rótum afbrota með því að uppræta aðalhvata þeirra, þann ávinning sem af þeim kann að leiða. Í skýringum við 2. mgr. segir í greinargerðinni: „Í 2. mgr. er lagt til að skýrt verði kveðið á um það að sá sem framið hefur frumbrot, og fremur jafnframt brot skv. 1. mgr. (peningaþvætti), skuli sæta sömu refsingu og þar greinir (sjálfsþvætti, e. self-laundering). Hér er horft til þeirra athugasemda sem fram koma í 71. mgr. í skýrslu FATF-nefndarinnar frá 13. október 2006. Þar sem framning frumbrots og síðar tilkomið sjálfsþvætti á ávinningi sem af því stafar verða þannig tvö sjálfstæð brot er í frumvarpsgreininni áréttað að 77. gr. almennra hegningarlaga um brotasamsteypu gildi eftir því sem við á.“

- 9 Í dómi Hæstaréttar 25. mars 2021 í máli nr. 29/2020 er vikið að framangreindum ákvæðum. Þar var óumdeilt að frumbrot ákærða í málinu, sem var skattalagabrot, var fyrnt og laut ákæran því eingöngu að peningaþvætti samkvæmt 1. og 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði hafði viðurkennt að hafa geymt þá fjármuni sem um ræddi inni á reikningi sínum í erlendu ríki á árunum 2010 til 2014 og að hafa lagt þá á árinu 2014 inn á reikning í öðru ríki. Var hann því talinn hafa gerst sekur um sjálfsþvættisbrot, eftir að slík brot urðu refsiverð 1. janúar 2010, sem væri ófyrnt. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir meðal annars um 2. mgr. 264. gr.: „Tilvísun ákvæðisins til brotasamsteypu mælir gegn því að litið verði svo á að annað brotanna tæmi sök gagnvart hinu. Af þessu samspili frumbrots og sjálfsþvættisbrots leiðir jafnframt að ekki verður litið svo á að upphafstími fyrningar teljist sá sami fyrir frumbrot og sjálfsþvættisbrot.“ Í málinu reyndi ekki með beinum hætti á sakartæmingu og þótt rétturinn hafi gert ljóst að tilvísun 2. mgr. 264. gr. til brotasamsteypu mæli gegn því að annað brotanna tæmi sök gegn hinu verður dómurinn ekki skilinn svo að hann útiloki sakartæmingu við aðrar aðstæður en þær sem til úrlausnar voru. Í því sambandi verður að telja ólíku saman að jafna hvort til kemur viðbótarháttsemi af hálfu ákærða eftir frumbrotið, líkt og raunin var í nefndum dómi, eða hvort háttsemin telst felast í frumbrotinu.
- 10 Sem fyrr greinir lýtur þriðji ákæruliðurinn í máli þessu að því að ákærði hafi „nýtt ávinning af brotum samkvæmt ákærköflum I og II, [...], í eigin þágu“. Af hálfu ákæruvaldsins hefur því ekki verið lýst nánar hvernig nákvæmlega þetta hafi gerst heldur virðist látið við það sitja í málatilbúnaði þess að refsivert sjálfsþvætti leiði með beinum hætti af broti samkvæmt fyrri ákæruliðunum. Segir meðal annars í greinargerð ákæruvaldsins til Landsréttar að samkvæmt orðalagi 264. gr. hafi refsíabýrgð vegna peningaþvættisbrota að hluta til stofnast á sama augnabliki og frumbrotin. Miðað við eðli og orðalag fyrstu tveggja ákæruliðanna er raunar ljóst að brot samkvæmt þeim fólu jafnframt í sér brot gegn 264. gr. Þannig vísar fyrsti ákæruliðurinn berum orðum til þriðja ákæruliðarins, enda er hluti af lýsingu á fjárdráttarbroti ákærða samkvæmt fyrsta ákæruliðnum að hann hafi „ráðstafað ávinningnum í eigin þágu líkt og rakið er í III. kafla ákærunnar“. Að sama skapi felur lýsing annars ákæruliðar á umboðssvikum ákærða í sér að hann hafi notað kreditkort ADHD samtakanna til kaupa á vörum og

þjónustu „til eigin nota“. Er þetta og til samræmis við það almenna skilyrði auðgunarbrot að ólögmet yfirfærsla verðmæta þurfi að hafa átt sér stað frá einum aðila til annars. Engra viðbótarathafna við frumbrotin var þörf svo að þau féllu jafnframt að verknaðarlýsingu 264. gr. um að nýta eða afla sér ávinnings af broti á lögnum og þannig verður að telja brotin fullframin á sama tíma.

- 11 Þegar mál þetta og mál nr. 332/2020 og 333/2020 voru munnlega flutt var sækjandi spurður að því hvaða þýðingu það hefði fyrir refsiframkvæmd ef fallist yrði á að beita 264. gr. almennra hegningarlaga með þeim hætti sem ákærvaldið krefst. Svaraði sækjandi á þá lund að þá fælu öll skattalaga- og auðgunarbrot jafnframt í sér brot gegn 264. gr., sem eðlilegt væri að hefði í för með sér viðbótarfangelsisrefsingu. Þannig yrði til að mynda sá sem gerst hefur sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga iðulega einnig sakfelldur fyrir peningaþvætti samkvæmt 264. gr. sömu laga, sem hefði í för með sér refsipýngingu. Ef þessi skilningur yrði lagður til grundvallar yrði til dæmis svangur maður sem stæli samloku úr kjörbúð ekki einungis talinn uppvís að þjófnaði heldur jafnframt peningaþvætti með því að gæða sér á henni fyrir utan verslunina. Þá er til þess að líta að sækjandi upplýsti að þrátt fyrir að lög nr. 149/2009 hefðu tekið gildi 1. janúar 2010 hefði ákæruframkvæmdin lengst af ekki verið með þeim hætti sem um ræðir í þessu máli heldur hefði fyrir nokkrum árum verið byrjað að ákæra fyrir brot gegn 264. gr. samhliða auðgunar- og meiri háttar skattalagabrotum. Hingað til hefur Landsréttur ekki leyst úr ágreiningi um sakartæmingu þegar ákært er bæði fyrir auðgunarbrot og peningaþvætti.
- 12 Að mati Landsréttar verður ekki talið að orðalag 264. gr. eða lögskýringargögn með greininni beri með sér að ætlun löggjafans hafi verið sú að refsiframkvæmd yrði með þeim hætti sem ákærvaldið krefst í máli þessu. Í fyrsta lagi gerir orðalag 1. málslíðar 2. mgr. 264. gr. ekki ráð fyrir því að frumbrot feli alltaf í sér brot gegn 264. gr. enda er þar vísað til þess sem framið hefur frumbrot „og“ fremur jafnframt brot gegn 1. mgr. Þá er sem fyrr segir tekið fram í lögskýringargögnum að við túlkun einstakra verknaðarþátta verði að horfa til þess að peningaþvætti sé í megindráttum hver sú starfsemi „sem lýtur að því að fela uppruna og eiganda fjár sem er ávinningur af brotastarfsemi“. Í öðru lagi gerir 2. málslíður 2. mgr. 264. gr. ekki ráð fyrir því að ákvæði 77. gr. um brotasamsteypu gildi alltaf þegar fyrir liggja bæði frumbrot og brot gegn 1. mgr. 264. gr. heldur segir þar að 77. gr. gildi „þá eftir því sem við á“. Í skýringum við 2. málslíð nefndrar greinar í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögum nr. 149/2009 er ekki vísað til aðstæðna þar sem frumbrotið leiðir með beinum hætti til brots gegn 1. mgr. 264. gr. heldur segir þar að frumbrot „og síðar tilkomið sjálfsþvætti á ávinningi sem af því stafar“ teljist tvö sjálfstæð brot sem 77. gr. gildi um eftir því sem við á. Þá er til þess að líta að reglur 77. gr. eiga samkvæmt eðli brotasamsteypu ekki við þegar verknaðarlýsingar tveggja refsíákvæða taka til eins og sama afbrotsins, það er þegar um árekstur refsíákvæða er að ræða, heldur líta að því þegar maður hefur orðið uppvís að því að hafa framið fleiri en eitt brot.

- 13 Samkvæmt framangreindu verður ekki talið fara á milli mála að þegar sá sem hefur framið frumbrot aðhefst frekar til að nýta ávinninginn af brotinu, umbreyta honum, flytja, senda, geyma, aðstoða við afhendingu hans, leyna honum eða upplýsingum um uppruna hans, felur það í sér sjálfstætt brot gegn 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og þá skal refsa fyrir bæði brotin samkvæmt 77. gr. sömu laga um brotasamsteypu. Þegar brotið gagnvart 1. mgr. 264. gr. fellur hins vegar saman við frumbrotið og ekkert liggur fyrir um viðbótarathafnir af hálfu ákærða verður að telja að frumbrotið tæmi sök gagnvart broti gegn 264. gr. almennra hegningarlaga. Þar sem sú er raunin í máli þessu verður að telja að 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. sömu laga tæmi sök gagnvart 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. Er þá og litið til þeirrar grunnreglu í refsirétti að vafa um túlkun refsíákvæða verði að túlka sakborningi í hag.
- 14 Í ljósi framangreinds og allra atvika þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð í hinum áfrýjaða dómi. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur, þar á meðal ákvæði hans um einkaréttarkröfu og málskostnað.
- 15 Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti eins og greinir í dómsorði. Ákærði verður á hinn bóginn dæmdur til að greiða ADHD samtökunum málskostnað við að halda bótakröfu sinni fram fyrir Landsrétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Þróstur Emilsson, greiði einkaréttarkröfuhafa, ADHD samtökunum, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 589.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 29. apríl 2020

Mál þetta, sem dómtekið var 3. apríl sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 5. mars sl. á hendur ákærða, Þrosti Emilssyni, kt. [...], Ölduslóð 48 í Hafnarfirði:

„fyrir fjárdrátt, umboðssvik og peningþvætti í starfi sínu sem framkvæmdarstjóri ADHD samtakanna, kt. [...]:

I

Fyrir fjárdrátt, með því að hafa dregið sér fjármuni ADHD samtakanna, samtals kr. 7.115.767 í 50 tilvikum, á tímabilinu 30. júlí 2015 til og með 26. maí 2018, með debetkorti, greiðslu reikninga í eigin þágu, veitingu styrks og með millifærslum af bankareikningum samtakanna hjá Íslandsbanka hf., nr. [...] og nr. [...] og Landsbankanum hf., nr. [...] og [...], yfir á sinn persónulega bankareikning nr. [...] hjá Arion banka hf., og ráðstafað ávinningnum í eigin þágu líkt og rakið er í III kafla ákærunnar.

Tilvikin 50 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Í eftirgreindum þremur tilvikum, með því að greiða með debetkorti af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Íslandsbanka hf., nr. [...], samtals að fjárhæð kr. 343.889.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
1	30.6.2015	Debetkort	Ormsson ehf. - Akureyri	kr.	109.900
2	19.4.2017	Debetkort	Síminn Ármúla verslun	kr.	131.990
3	24.7.2017	Debetkort	Duty Free Store	kr.	101.999
				kr.	343.889

Í eftirgreindum 33 tilvikum, með því að millifæra af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Íslandsbanka hf., nr. [...], yfir á sinn persónulega bankareikning hjá Arion banka hf., nr. [...], samtals að fjárhæð kr. 3.460.000.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
4	24.7.2015	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
5	26.10.2015	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
6	16.11.2015	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
7	20.11.2015	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
8	27.11.2015	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	75.000
9	23.12.2015	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
10	25.1.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
11	11.3.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	15.000
12	21.3.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	150.000
13	18.4.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
14	22.4.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
15	25.4.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
16	17.5.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
17	20.5.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
18	28.6.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
19	25.7.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
20	25.7.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	300.000
21	15.8.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
22	29.8.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
23	16.9.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
24	23.9.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
25	28.9.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
26	17.10.2016	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
27	23.1.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
28	27.1.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
29	14.2.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
30	17.2.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
31	16.3.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	250.000
32	18.4.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	220.000

33	21.6.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	150.000
34	26.7.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	350.000
35	17.11.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	150.000
36	26.5.2018	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	100.000
				kr.	3.460.000

Í eftirgreindu tilviki, með því að millifæra af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Íslandsbanka hf., nr. [...], yfir á sinn persónulega bankareikning hjá Arion banka hf., nr. [...], samtals að fjárhæð kr. 400.000.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
37	20.3.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	400.000

Í eftirgreindu tilviki, með því að greiða reikning í eigin þágu með millifærslu af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Íslandsbanka hf., nr. [...], yfir á bankareikning Múlakaffis, að fjárhæð kr. 338.100.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
38	10.4.2017	Millifærsla	Múlakaffi	kr.	338.100

Í eftirgreindum tveimur tilvikum, með því að greiða reikning í eigin þágu með millifærslu af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Íslandsbanka hf., nr. [...], yfir á bankareikning Háskólans í Reykjavík, að fjárhæð kr. 279.570.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
39	25.9.2017	Millifærsla	Háskólinn í Reykjavík	kr.	279.000
40	25.9.2017	Millifærsla	Háskólinn í Reykjavík	kr.	570
			Samtals	kr.	279.570

Í eftirgreindum tveimur tilvikum, með því að millifæra af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Landsbankanum hf., nr. [...], yfir á sinn persónulega bankareikning í Arion banka hf., nr. [...], samtals að fjárhæð kr. 290.000.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
41	22.11.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	250.000
42	30.11.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	40.000
			Samtals	kr.	290.000

Í eftirgreindu tilviki, með því að veita [...] í Hafnarfirði styrk með millifærslu af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Landsbankanum hf., nr. [...], yfir á bankareikning [...], að fjárhæð kr. 100.000.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
43	7.12.2017	Millifærsla	[...]	kr.	100.000

Í eftirgreindum sjö tilvikum, með því að millifæra af bankareikningi ADHD samtakanna hjá Landsbankanum hf., nr. [...], yfir á sinn persónulega bankareikning í Arion banka hf., nr. [...], samtals að fjárhæð kr. 1.904.208.

Tilvik	Dagsetning	Aðferð	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
44	18.12.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	266.692
45	21.12.2017	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	576.650
46	25.1.2018	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	343.800
47	12.2.2018	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	171.969
48	16.3.2018	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	295.097
49	30.4.2018	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	200.000
50	22.5.2018	Millifærsla	Þröstur Emilsson	kr.	50.000
			Samtals	kr.	1.904.208

II

Fyrir umbodssvik, með því að hafa misnotað aðstöðu sína til að skuldbinda ADHD samtökin á tímabilinu 19.2.2015 til og með 19.5.2018, með því að nota í alls 131 skipti kreditkort félagsins nr. 4568-37**-****-6477 og 5585-15**-****-***9 útgefin af Íslandsbanka og kreditkort félagsins útgefið af Landsbankanum nr. 4539-87**-****-0232 til kaupa á vörum og þjónustu í heimildarleysi til eigin nota, samtals að fjárhæð kr. 2.096.969. Kreditkortin hafði ákærði fengið útgefin vegna starfa sinna sem framkvæmdastjóri ADHD samtakanna og var honum ætlað að greiða með því útgjöld tengd starfsemi samtakanna. Framangreind notkun kortanna var hins vegar án heimilda og með öllu ótengd störfum ákærða fyrir félagið.

Tilvikin 131 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Tilvik	Dagsetning	Kreditkort	Viðtakandi greiðslu	Fjárhæð	
1	19.2.2015	4568 37** **** 6477	ITUNES.COM/BILL	kr.	7.493
2	21.2.2015	4568 37** **** 6477	ITUNES.COM/BILL	kr.	1.675
3	25.2.2015	4568 37** **** 6477	ITUNES.COM/BILL	kr.	3.680
4	7.3.2015	4568 37** **** 6477	HREYFILL 126	kr.	4.670
5	19.3.2015	4568 37** **** 6477	[...]	kr.	5.900
6	20.3.2015	4568 37** **** 6477	Löður-Fiskislóð 1	kr.	26.900
7	6.5.2015	4568 37** **** 6477	Vínbúðin vefverslun	kr.	119.770
8	7.5.2015	4568 37** **** 6477	Elko - Skeifunni	kr.	47.140
9	28.10.2015	4568 37** **** 6477	Tannlæknast. Sigfúsar H.	kr.	18.000
10	13.1.2016	4568 37** **** 6477	Flugfélagið Ernir	kr.	43.600
11	13.1.2016	4568 37** **** 6477	Flugfélagið Ernir	kr.	5.000
12	21.1.2016	4568 37** **** 6477	Hótelíð Vestmannaeyjar	kr.	15.500
13	28.1.2016	4568 37** **** 6477	Oddfellowhúsið	kr.	1.600
14	19.4.2016	5585 15** **** ***9	HENRY_S COLLECTION	kr.	65.068
15	18.8.2016	5586 15** **** ***9	Heilsuborg	kr.	29.200
16	12.9.2016	5587 15** **** ***9	UPCLK.COM	kr.	8.207
17	3.10.2016	5588 15** **** ***9	JHON_S TAILOR	kr.	124.705
18	25.11.2016	5589 15** **** ***9	Spotify PO1261C773	kr.	1.231
19	19.12.2016	5590 15** **** ***9	JHON_S TAILOR	kr.	76.065
20	25.12.2016	5591 15** **** ***9	Spotify PO15C143E1	kr.	1.221

21	3.1.2017	5592 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.620
22	5.1.2017	5593 15** **** **9	Síminn Ármúla verslun	kr.	148.898
23	1.2.2017	5594 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
24	17.2.2017	5595 15** **** **9	Vita Sport	kr.	90.000
25	25.1.2017	5596 15** **** **9	Nuskin/Pharmanex	kr.	39.913
26	27.2.2017	5597 15** **** **9	Fjarskipti hf.	kr.	1.990
27	1.3.2017	5598 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
28	22.2.2017	5599 15** **** **9	Spotify PO1BCADBE2	kr.	1.795
29	24.2.2017	5600 15** **** **9	Nuskin/Pharmanex	kr.	25.993
30	14.3.2017	5601 15** **** **9	gotagher com	kr.	1.715
31	19.3.2017	5602 15** **** **9	Spotify PO1FO29365	kr.	1.805
32	27.3.2017	5603 15** **** **9	BLADAMFEL.ISL	kr.	17.400
33	1.4.2017	5604 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
34	9.4.2017	5605 15** **** **9	N1	kr.	11.041
35	19.4.2017	5606 15** **** **9	Spotify PO22E4E57E	kr.	1.822
36	17.4.2017	5607 15** **** **9	TEETEEPRWORLD.COM	kr.	7.953
37	1.5.2017	5608 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
38	19.5.2017	5609 15** **** **9	Spotify PO26D6C45E	kr.	1.734
39	1.6.2017	5610 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
40	22.5.2017	5611 15** **** **9	Hafnia Hotel	kr.	3.346
41	22.5.2017	5612 15** **** **9	Duty Free PF	kr.	6.957
42	22.5.2017	5613 15** **** **9	Gist Vist PF	kr.	1.556
43	8.6.2017	5614 15** **** **9	EDMFREAK.COM	kr.	3.783
44	13.6.2017	5615 15** **** **9	Sparkle Teeth	kr.	925
45	19.6.2017	5616 15** **** **9	Spotify PO2BOD392B	kr.	1.753
46	1.7.2017	5617 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
47	4.7.2017	5618 15** **** **9	Icelandair ticket sales	kr.	58.450
48	4.7.2017	5619 15** **** **9	RENTALCARS.COM	kr.	40.646
49	18.7.2017	5620 15** **** **9	Sparkle Teeth	kr.	942
50	19.7.2017	5621 15** **** **9	Spotify PO2FOCBE75	kr.	1.903
51	21.7.2017	5622 15** **** **9	Quality Inns	kr.	101.330
52	28.7.2017	5623 15** **** **9	Icelandair/Saga shop	kr.	2.000
53	1.8.2017	5624 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
54	28.7.2017	5625 15** **** **9	Paypal *Swflc	kr.	8.689
55	17.8.2017	5626 15** **** **9	Sparkle Teeth	kr.	1.003
56	19.8.2017	5627 15** **** **9	Spotify PO3311D060	kr.	1.954
57	1.9.2017	5628 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
58	19.9.2017	5629 15** **** **9	Spotify PO37961A41	kr.	1.960
59	1.10.2017	5630 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965
60	29.9.2017	5631 15** **** **9	WORDPRESS LSQ7FU1MNA	kr.	10.367
61	19.10.2017	5632 15** **** **9	Spotify PO3C39AO93	kr.	1.925
62	1.11.2017	5633 15** **** **9	Reebok fitness	kr.	4.965

63	7.11.2017	5634 15** **** **9	Vita Sport	kr.	40.000
64	1.11.2017	5635 15** **** **9	DESIGN MANTIC	kr.	21.409
65	19.11.2017	5636 15** **** **9	Spotify PO40E67O46	kr.	1.883
66	1.12.2017	5637 15** **** **9	Rebook fitness	kr.	4.965
67	19.12.2017	5638 15** **** **9	Spotify PO45F2AC91	kr.	1.926
68	23.12.2017	5639 15** **** **9	PAYPAL *TS	kr.	3.871
69	24.12.2017	5640 15** **** **9	PAYPAL *Bixford	kr.	2.440
70	25.12.2017	5641 15** **** **9	PAYPAL *Bixford	kr.	4.436
71	30.12.2017	5642 15** **** **9	PAYPAL *Bixford	kr.	15.275
72	30.12.2017	5643 15** **** **9	PAYPAL *Johntactica	kr.	5.122
73	20.12.2017	4539 87** *** 0232	Stjornuljos ehf.	kr.	43.500
74	1.1.2018	5645 15** **** **9	Rebook fitness	kr.	4.965
75	11.1.2018	5645 15** **** **9	SP * Dealiciously	kr.	5.035
76	18.1.2018	4539 87** *** 0232	Leigulistinn ehf.	kr.	4.200
77	19.1.2018	5645 15** **** **9	Spotify PO4AE55B2A	kr.	1.942
78	21.1.2018	5645 15** **** **9	PAYPAL *Bixford	kr.	5.390
79	25.1.2018	4539 87** *** 0232	Airport Parking - Isavia	kr.	5.970
80	1.2.2018	5645 15** **** **9	Rebook fitness	kr.	4.965
81	9.2.2018	5645 15** **** **9	SP * Rocketsavings	kr.	6.980
82	9.2.2018	4539 87** *** 0232	GreatPrice 8446056400	kr.	5.155
83	16.2.2018	4539 87** *** 0232	RENTALCARS.COM	kr.	41.426
84	16.2.2018	4539 87** *** 0232	RENTALCOVERCOM	kr.	7.529
85	17.2.2018	4539 87** *** 0232	Quality Logo Products	kr.	79.336
86	19.2.2018	5645 15** **** **9	Spotify RO4FAE4425	kr.	1.925
87	22.2.2018	4539 87** *** 0232	Airport Parking - Isavia	kr.	10.150
88	26.2.2018	4539 87** *** 0232	SQ *Sportz zone	kr.	9.265
89	1.3.2018	5645 15** **** **9	Rebook fitness	kr.	4.965
90	1.3.2018	4539 87** *** 0232	7-ELEVEN 33353	kr.	2.572
91	1.3.2018	4539 87** *** 0232	Floridays Resorts manage	kr.	118.861
92	2.3.2018	4539 87** *** 0232	ROW44 Icelandair Wifi	kr.	1.233
93	2.3.2018	5645 15** **** **9	Maryar *CREWCOST.COM	kr.	5.059
94	2.3.2018	5645 15** **** **9	SYL *DECRATECC.COM	kr.	6.380
95	9.3.2018	5645 15** **** **9	GreatPrice 8446056400	kr.	921
96	9.3.2018	4539 87** *** 0232	Budget Rent acar Tolls	kr.	2.276
97	16.3.2018	5645 15** **** **9	CLXBRANDFEES.COM	kr.	3.647
98	16.3.2018	4539 87** *** 0232	Paypal *SIA Nerings	kr.	13.105
99	19.3.2018	5645 15** **** **9	Spotify PO54FFD4FO	kr.	1.895
100	19.3.2018	5645 15** **** **9	RENTALCARS.COM	kr.	28.804
101	20.3.2018	4539 87** *** 0232	VTSUP.COM*BOOST WEB	kr.	7.103
102	24.3.2018	4539 87** *** 0232	Getspá Getraunir netsala	kr.	2.930
103	24.3.2018	4539 87** *** 0232	Getspá Getraunir netsala	kr.	1.000
104	24.3.2018	4540 87** *** 0232	Getspá Getraunir netsala	kr.	1.500

105	24.3.2018	4541 87** *** 0232	Getspá Getraunir netsala	kr.	3.500
106	27.3.2018	4542 87** *** 0232	ISNIC	kr.	5.980
107	28.3.2018	4543 87** *** 0232	VTSUP.COM*BOOST WEB	kr.	7.075
108	29.3.2018	4544 87** *** 0232	WIX.COM*216952203	kr.	7.563
109	29.3.2018	4545 87** *** 0232	WIX.COM*216953853	kr.	3.403
110	29.3.2018	5645 15** **** **9	Maryar *CREWCOST.COM	kr.	4.927
111	1.4.2018	5645 15** **** **9	SYL *DECRATECC.COM	kr.	6.212
112	2.4.2018	5645 15** **** **9	Rebook fitness	kr.	4.965
113	5.4.2018	4546 87** *** 0232	MACYS Mall of America	kr.	13.954
114	5.4.2018	4546 87** *** 0232	Icelandair/Saga shop	kr.	8.900
115	6.4.2018	4546 87** *** 0232	The News Room Inc	kr.	4.252
116	9.4.2018	5645 15** **** **9	GreatPrice 8446056400	kr.	910
117	9.4.2018	4546 87** *** 0232	ISNIC	kr.	5.980
118	13.4.2018	4546 87** *** 0232	VTSUP.COM*BOOST WEB	kr.	7.069
119	14.4.2018	4546 87** *** 0232	VTSUP.COM*BOOST WEB	kr.	7.056
120	16.4.2018	5645 15** **** **9	CLXBRANDFEES.COM	kr.	3.632
121	19.4.2018	5645 15** **** **9	Spotify PO5AC48914	kr.	1.903
122	19.4.2018	4546 87** *** 0232	B&H PHOTO 800-606-6969	kr.	10.271
123	20.4.2018	4546 87** *** 0232	VTSUP.COM*BOOST WEB	kr.	7.151
124	23.4.2018	4546 87** *** 0232	VTSUP.COM*BOOST WEB	kr.	7.149
125	24.4.2018	4546 87** *** 0232	EASTBAY	kr.	15.308
126	25.4.2018	4546 87** *** 0232	Quality Logo Products	kr.	134.222
127	29.4.2018	5645 15** **** **9	Maryar *CREWCOST.COM	kr.	5.007
128	1.5.2018	5645 15** **** **9	Rebook fitness	kr.	4.965
129	1.5.2018	5645 15** **** **9	SYL *DECRATECC.COM	kr.	6.275
130	16.5.2018	5645 15** **** **9	CLXBRANDFEES.COM	kr.	3.676
131	19.5.2018	5645 15** **** **9	Spotify PO606F4EDD	kr.	1.910
			Samtals	kr.	2.096.969

III

Fyrir peningþvætti, með því að hafa nýtt ávinning af brotum samkvæmt ákæruköflum I og II, samtals að fjárhæð kr. 9.212.736, í eigin þágu.

Framangreind háttsemi samkvæmt I kafla ákæru telst varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Framangreind háttsemi samkvæmt II kafla ákæru telst varða við 1. mgr. 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Framangreind háttsemi samkvæmt III kafla ákæru telst varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

ADHD samtökin gera eftirfarandi einkaréttarlega bótakröfu sem krafist er að verði dæmd í ofangreindu sakamáli:

Þess er krafist að ákærði Þröstur Emilsson verði dæmdur til að greiða ADHD samtökunum **kr. 9.212.736**, auk dráttarvaxta skv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá og með 5. nóvember 2018 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að ákærði Þröstur Emilsson greiði ADHD samtökunum málskostnað að mati dómsins.“

Kröfur ákærða í málinu eru þær að honum verði gerð sú vægasta refsing sem lög leyfa. Þá hafnar hann bótakröfu einkaréttarkröfuhafa en leggur í hendur dómsins að leysa úr kröfunni.

Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákærði hefur játað sakargiftir og var málið tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu eftir að sækjanda og ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga auk þess sem lögmanni einkaréttarkröfuhafa og ákærða hafði verið gefinn kostur á að reifa sjónarmið tengd fyrirbyggjandi bótakröfu.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í I. og II. kafla ákæru og eru brot hans að því leyti rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Hvað varðar III. kafla ákæru, þar sem ákærða er gefið að sök peningapvætti með því að hafa nýtt í eigin þágu ávinning af brotum samkvæmt I. og II. kafla ákæru, þá tæma 1. mgr. 247. gr. og 249. gr. almennra hegningarlaga sök eins og hér háttar til gagnvart 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. laganna.

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að með þeirri háttsemi sem ákærði hefur nú verið fundinn sekur um misnotaði hann trúnaðarstöðu sína sem framkvæmdastjóri ADHD samtakanna, sbr. einnig 1., 2. og 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sem allir horfa til refsipýngingar. Aftur á móti ber að virða skýlausa játningu ákærða honum til málsbóta.

Að öllu framangreindu virtu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Í ljósi hreins sakaferils ákærða og skýlausrar játningar hans þykir unnt að fresta fullnustu 7 mánaða refsingarinnar og skal sá hluti refsingarinnar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkröfuhafi krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða sér 9.212.736 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá og með 5. nóvember 2018 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ákærða. Eins og áður greinir hafnar ákærði bótakröfu einkaréttarkröfuhafa.

Með þeirri refsiverðu háttsemi sem greinir í I. og II. kafla ákæru, sem ákærði hefur eins og áður segir skýlaust játað fyrir dómi, hefur ákærði bakað sér skaðabótaábyrgð gagnvart einkaréttarkröfuhafa. Höfuðstóll kröfunnar tekur mið af fjárhæðum í I. og II. kafla ákæru og ber því að taka kröfuna til greina. Þá verður fallist á að miða beri upphaf dráttarvaxta við 5. nóvember 2018, enda var þá liðinn mánuður frá því að einkaréttarkröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 og fyrirbyggjandi bréf lögmanns einkaréttarkröfuhafa, dags. 5. október 2018. Þá verður ákærða gert að greiða brotþola málskostnað, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008, sem ákveðinn er með virðisaukaskatti í dómsorði.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Þröstur Emilsson, sæti fangelsi í 10 mánuði, en fresta skal fullnustu sjö mánaða refsingarinnar og skal sá hluti falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði ADHD samtökunum 9.212.736 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá og með 5. nóvember 2018 til greiðsludags. Ákærði greiði ADHD samtökunum 168.640 krónur í málskostnað.